



Borgarráð

Hækkun á tekju- og eignamörkum vegna sérstaks húsnæðisstuðnings

Lagt er til að borgarráð staðfesti samþykkt velferðarráðs frá 20. janúar um hækkun tekju- og eignaviðmiða vegna sérstaks húsnæðisstuðnings í samræmi við viðmiðunarfjárhæðir í leiðbeiningum félags- og barnamálaráðherra til sveitarfélaga 21. desember 2020 en í tillögunni felst að tekjumörk hækka um 3,6% og eignamörk um 7,23%.

Jafnframt er lagt til að borgarráð hækki fyrrgreind tekjumörk um 8% umfram tekjumörk í leiðbeiningum til sveitarfélaga vegna sérstaks húsnæðisstuðnings til jafns við hækkun ríkisins á frítekjumarki vegna almennra húsnæðisbóta til að ekki komi til skerðinga hjá þeim sem jafnframt eiga rétt á sérstökum húsnæðisstuðningi. Heildarhækkun tekjumarka verður 11,9% eftir breytingu eða frá og með 1. janúar 2021.

Kostnaður vegna umframhækkunar tekju- og eignaviðmiða er áætlaður um 50 m.kr. og er fjármála- og áhættustýringarsviði falið að útfæra viðauka við fjárhagsáætlun 2021 vegna þessa.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf sviðsstjóra velferðarsviðs dags. 25. janúar 2021.

Umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs dags. 8. febrúar 2021.

Minnisblað sviðsstjóra velferðarsviðs dags. 9. febrúar 2021



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 25. janúar 2021
VEL2021010018

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga um hækkun á tekju- og eignaviðmiðum sérstaks húsnæðisstuðnings.

Á fundi velferðarráðs þann 20. janúar 2021 var samþykkt meðfylgjandi tillaga sviðsstjóra um hækkun á tekju- og eignaviðmiðum sérstaks húsnæðisstuðnings. Hækkarnir eru til samræmis tekju- og eignaviðmiðum í leiðbeiningum frá Félagsmálaráðuneyti til sveitarfélaga um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings.

Samkvæmt tillögu hækka tekjumörk um 3,6% og eignamörk um 7,23% á milli ára. Kostnaður rúmast innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Samþykktin er hér með send borgarráði.

Óskað er eftir að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu reglnanna í B-deilda stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst

Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri

Hjálagt:

Tillaga um hækkun á tekju- og eignaviðmiðum sérstaks húsnæðisstuðnings lögð fram á fundi velferðarráðs 20. janúar 2021.

Reglur Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning.



Reykjavík, 25. janúar 2021
VEL2021010018

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Samþykkt velferðarráðs um hækkun á tekju- og eignaviðmiðum sérstaks húsnæðisstuðnings.

Á fundi velferðarráðs þann 20. janúar 2021 var samþykkt svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um hækkun á tekju- og eignaviðmiðum sérstaks húsnæðisstuðnings:

Lagt er til að samþykktar verði eftirfarandi breytingar, frá 1. janúar 2021, á neðangreindum fjárhæðum sem fram koma í 5. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning:

Fjöldi heimilis- manna	Neðri tekju- mörk á ári	Efri tekju- mörk á ári	Neðri tekju- mörk á mánuði	Efri tekju- mörk á mánuði
1	4.165.730	5.207.163	347.144	433.931
2	5.509.514	6.886.893	459.126	573.908
3	6.450.163	8.062.704	537.514	671.892
4 eða fleiri	6.987.676	8.734.595	582.307	727.883

Einnig er lögð til breyting á 3. gr. 6. lið um að samanlagðar eignir umsækjanda og annarra heimilismanna 18 ára og eldri nemi ekki hærri fjárhæð en 6.186.000 kr. í lok næstliðins árs.

Hækkanir eru til samræmis tekju- og eignaviðmiðum í leiðbeiningum frá Félagsmálaráðuneyti til sveitarfélaga um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings. Samkvæmt tillögu hækka tekjumörk um 3,6% og eignamörk um 7,23% á milli ára. VEL2021010018.

Greinargerð fylgir tillögu.

Samþykkt.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Velferðarráð samþykkir nú hækkun á tekju og eignaviðmiðum vegna sérstaks húsnæðisstuðnings til samræmis við tekju og eignaviðmið í leiðbeiningum frá félagsmálaráðuneyti til sveitarfélaga um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings. Breytingarnar gilda frá 1. janúar 2021.

Fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að hækka fjárhæð tekju- og eignaviðmiða vegna sérstaks húsnæðisstuðnings. Viðmiðunarmörk hækka til samræmis við hækkun á framfærsluviðmiði almannatrygginga um 3,6%. Eignamörk hækka um 7,23%. Fulltrúi Sósíalístaflokksins minnir á tillögur sósíalista um að tengja sérstakan húsnæðisstuðning við vísitölu leiguverðs og breytingar á útreikningi sérstaks húsnæðisstuðnings. Þar var lagt til að reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning yrði breytt þannig að stuðningurinn byrji ekki að skerðast nema þegar húsnæðiskostnaður er undir 25% af ráðstöfunartekjum viðkomandi. Hátt leiguverð er að slíga marga hér í borginni og því er nauðsynlegt að skoða með hvaða hætti borgin getur komið með frekari hætti til móts við þarfir borgarbúa sem eru margir í gríðarlega erfiðri stöðu á húsnæðismarkaði.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Þessi hækkun minnkar aðeins líkur á skerðingum sem er gott. Tekjumörkin eru hækkuð um 3,6%. Fleiri aðgerða er þörf til að koma til móts við neyð fátæks fólks, ekki síst vegna COVID. Búið er að klípa af þessu fólki nóg. Eignamörkin eru hækkuð um ríflega 7%. Réttast væri að hækka tekjumörkin um sömu prósentu. Hér er aðeins verið að fylgja lágmarkinu, þ.e. tekju- og eignamörkin eru í lágmarki miðað við leiðbeiningar ráðuneytisins. Er ekki tilefni til að gera aðeins meira en lágmarksbreytingar í ljósi efnahagsástandsins? Í desember lagði Flokkur fólksins fram tillögu um bráðabirgðaákvæði í reglugerð um húsnæðisstuðning þess efnis að eingreiðslur vegna desemberuppbótar til örorku- og ellilífeyrisþega myndu ekki leiða til skerðinga. Margir fengu að upplifa afleiðingar slíkra skerðinga þegar lögum um félagslega aðstoð var breytt árið 2019. Þá fengu öryrkjar loksins nauðsynlega kjarabót. Sú kjarabót leiddi þá til víxlverkunar vegna reglna Reykjavíkurborgar sem leiddi til lækkunar á sérstökum húsnæðisstuðningi til þeirra. Það er nauðsynlegt að gera breytingar á reglugerðum borgarinnar til að tryggja að sértækar aðgerðir í þágu aldraðra og öryrkja leiði ekki til óvæntra skerðinga hjá fátæku fólki sem hefur ekkert fjárhagslegt svigrúm.

Samþykktin er hér með send borgarráði.

Óskað er eftir að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu reglnanna í B-deilda stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst



Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um hækkun á tekju- og eignaviðmiðum sérstaks húsnæðisstuðnings, dags. 20. janúar 2021, ásamt greinargerð.



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: *Hækkun á tekju- og eignaviðmiðum sérstaks húsnæðisstuðnings*

Lagt er til að samþykktar verði eftirfarandi breytingar, frá 1. janúar 2021, á neðangreindum fjárhæðum sem fram koma í 5. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning:

Fjöldi heimilis- manna	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	4.165.730	5.207.163	347.144	433.931
2	5.509.514	6.886.893	459.126	573.908
3	6.450.163	8.062.704	537.514	671.892
4 eða fleiri	6.987.676	8.734.595	582.307	727.883

Einnig er lögð til breyting á 3. gr. 6. lið um að samanlagðar eignir umsækjanda og annarra heimilsmanna 18 ára og eldri nemi ekki hærri fjárhæð en 6.186.000 kr. í lok næstliðins árs.

Hækkanir eru til samræmis tekju- og eignaviðmiðum í leiðbeiningum frá Félagsmálaráðuneyti til sveitarfélaga um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings. Samkvæmt tillögu hækka tekjumörk um 3,6% og eignamörk um 7,23% á milli ára.

Greinargerð:


Reglur Reykjavíkurborgar um viðmið fjárhæða fyrir sérstakan húsnæðisstuðning taka mið af leiðbeiningum Félagsmálaráðuneytisins fyrir sveitarfélög um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings. Þann 21. desember 2020 uppfærði félags- og barnamálaráðherra viðmiðunarfjárhæðir í leiðbeiningunum. Breytingar á viðmiðunarfjárhæðum í reglum Reykjavíkurborgar munu fela í sér að frítekjumörk hækka um 3,6% og eignamörk um 7,23% og gilda þær breytingar frá 1. janúar 2021.

Samkvæmt reglugerð nr. 1341/2020 um húsnæðisbætur munu viðmiðunarmörk hækka til samræmis við hækkun á framfærsluviðmiði almannatrygginga. Með því móti munu lífeyrisþegar almannatrygginga njóta óskertra húsnæðisbóta.

Ef viðmiðunarmörk sérstaks húsnæðisstuðnings verða hækkuð að sömu fjárhæð mun það leiða til kostnaðarauka sem gæti numið 50 mkr. á ársgrunni, þ.e. ef miðað er við raungögn í nóvember 2020. Er þá tekið tillit til þeirra sem hafa áður fengið fulla skerðingu en eiga rétt eftir breytingu.

Í fjárhagsáætlun 2021 er gert ráð fyrir að meðaltali 2.958 greiðslum á mánuði, að upphæð 1.049 m.kr. yfir árið. Við mat á fjölda greiðslna á mánuði er tekið mið af raunfjölda frá janúar til júlí 2020 að viðbætti fjölgun félagslegra íbúða og fólksfjölgun.


Mynd 1: Fjöldi greiðslna sérstakst húsnæðisstuðnings frá jan-okt 2020



Síðari hluta árs 2020 hefur orðið aukning á fjölda greiðslna á mánuði og er meðaltal síðustu 6 mánuði þ.e. frá maí til október alls 3.078 greiðslur á mánuði eða 120 greiðslum fleiri en í upphaflegri áætlun.

Mesta aukningin er á almennum leigumarkaði en frá janúar til október hefur fjöldi greiðslna á mánuði aukist um 28,5%.

Mynd 2: Fjöldi greiðslna sérstaks húsn. stuðn. frá jan-okt 2020 skipt eftir félagslegri og almennri leigu



Fjölgun greiðslna á mánuði mun leiða til 49,6 m.kr. aukinnar fjárþarfar á árinu 2021.

Mynd 3: Aukin fjárþörf á árinu 2021

Áætlun 2021			Reiknuð áætlun 2021		
FJÖLDI	Félagslegt	Almennt	FJÖLDI	Félagslegt	Almennt
Meðalfjöldi á mánuði 2020 (jan-júl)	1.626	1.175	Meðalfjöldi á mánuði 2020 (maí-okt)	1.653	1.266
Fjölgun 2021	125	32	Fjölgun 2021	125	34
Áætlun 2021	1.751	1.207	Reiknuð áætlun 2021	1.778	1.301
	Samtals	2.958		Samtals	3.078
UPPHÆÐ	Félagslegt	Almennt	UPPHÆÐ	Félagslegt	Almennt
Áætlun 2021 meðalverð á mánuði 2020 (jan-júl)	28.200	31.548	Reiknuð áætlun meðalverð á mánuði 2020 (maí-okt)	28.247	31.812
Áætlun 2021	592.543.587	456.939.617	Reiknuð áætlun 2021	602.568.336	496.519.113
	Samtals	1.049.483.204		Samtals	1.099.087.449
	Fjöldi	Upphæð			
Áætlun 2021	2.958	1.049.483.204			
Reiknuð áætlun 2021	3.078	1.099.087.449			
Mismunur	120	49.604.245			

Alls yrði þá kostnaðarauki á árinu 2021 um 100 m.kr., þ.e. 50 m.kr. vegna fjölgunar heimila sem eiga rétt á sérstökum húsnæðisstuðningi og 50 m.kr. ef viðmiðunarmörk eru hækkuð umfram leiðbeiningar um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings frá Félagasmálaráðuneyti. Kostnaðarauki rúmast ekki innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Umsögn

Efni: Tillaga um hækkun á tekju- og eignaviðmiðum sérstaks húsnæðisstuðnings
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um tillögu sviðsstjóra velferðarsviðs um hækkun á tekju- og eignaviðmiðum sérstaks húsnæðisstuðnings. Tillagan felur í sér að tekjumörk hækka um 3,6% og eignamörk um 7,23% og eru hækkanirnar til samræmis við leiðbeiningar frá Félagsmálaráðuneytinu til sveitarfélaga. Ekki er gert ráð fyrir að tillagan muni leiða til kostnaðarauka þar sem hækkanirnar eru almennt í takt við hækkun tekna þess hóps sem fær sérstakan húsnæðisstuðning.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að viðmiðunarmörk húsnæðisbóta ríkisins munu hækka um 11,6% til samræmis við hækkun framfærsluviðmiða almannatrygginga. Sú hækkun er umfram leiðbeiningar um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings frá Félagsmálaráðuneytinu til sveitarfélaga. Í kostnaðarmati sviðsins kemur fram að slík hækkun myndi fela í sér 50 m.kr. kostnaðarauka. Matið byggir á raungögnum frá nóvember 2020 þar sem skoðuð eru áhrif tillögunnar á núverandi hóp og einnig þá sem hafa sótt um sérstakan húsnæðisstuðning en fengið fulla skerðingu. Þá má gera ráð fyrir að kostnaðurinn við slíka tillögu gæti jafnvel orðið enn hærri þegar tekið hefur verið tillit til þess að heimili sem ekki hafa sótt um áður sérstakan húsnæðisstuðning geti gert það við slíka hækkun á viðmiðunarmörkum.

Til viðbótar er í greinargerðinni bent á að á síðari hluta árs 2020 hafi orðið mikil fjölgun á greiðslum sérstaks húsnæðisstuðnings. Við gerð fjárhagsáætlunar 2021 var gert ráð fyrir að meðaltali 2.958 greiðslum á mánuði og að heildarkostnaður yfir árið yrði 1.049 m.kr. Þessi áætlun byggði á rauntölum greiðslna fyrir janúar til júní 2020. Nú liggja fyrir gögn um þróun greiðslna frá júlí til október 2020 sem sýna mikla aukningu frá fyrri mánuðum ársins. Samkvæmt velferðarsviði má skýra þessa aukningu til heimila á almennum leigumarkaði en fjöldi greiðslna til þeirra hefur aukist um 28,5% frá ársbyrjun 2020. Verði raunin sú að þessi aukning endurspeglar í tölum ársins 2021 þá má gera ráð fyrir að kostnaður við sérstakan húsnæðisstuðning verði 49,6 m.kr. umfram áætlun.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur rýnt tillöguna og gerir ekki athugasemdir. Eins og kemur fram í tillögunni er ekki gert ráð fyrir kostnaðarauka við það að hækka viðmiðunarmörk til samræmis við leiðbeiningar Félagsmálaráðuneytisins um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings. Hins vegar er útlit fyrir að kostnaður við sérstakan húsnæðisstuðning geti orðið 49,6 m.kr. umfram áætlun vegna endurmats á þeim fjölda sem nú fær sérstakan húsnæðisstuðning. Til viðbótar mætti gera ráð fyrir 50 m.kr. kostnaðarauka ef viðmiðunarmörk yrðu hækkuð umfram leiðbeiningar Félagsmálaráðuneytisins þ.e. til samræmis við hækkun viðmiðunarmarka húsnæðisbóta ríkisins. Fjármála- og áhættustýringarsvið bendir á að mikil óvissa ríkir um stöðuna á vinnu- og húsnæðismarkaði næstu mánuði og því er mikilvægt að fylgjast vel með þróun greiðslna sérstaks húsnæðisstuðnings.

*Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.*



9. febrúar 2021
RÁ/asa

Minnisblað

Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni: Greining á sérstökum húsnæðisstuðningi og áhrifum skerðinga á tiltekna hópa

Forsaga:

Þann 21. desember 2020 uppfærði félags- og barnamálaráðherra viðmiðunarfjárhæðir í leiðbeiningunum sínum til sveitarfélaga um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings.

Velferðarráð samþykkti tillögu um hækkun í samræmi við leiðbeiningar á fundi þann 20. janúar 2021. Viðmiðunarfjárhæðir í reglum Reykjavíkurborgar fela í sér að frítekjumörk hækkuðu um 3,6% og eignamörk um 7,23% og giltu frá 1. janúar 2021.

Velferðarráð óskaði eftir að fá frekari greiningu/rýningu á áhrifum skerðinga á tekjur tiltekna hópa.

Greinargerð:

Fjárhæðir húsnæðisbóta eru ákvarðaðar í reglugerð sem gefin er út af félagsmálaráðherra. Samkvæmt reglugerð nr. 1341/2020 um húsnæðisbætur munu frítekjumörk hækka frá og með 1. janúar 2021. Hækkunin er til samræmis við hækkun á framfærsluviðmiði almannatrygginga. Hækkunin leiðir til þess að lífeyrisþegi almannatrygginga sem býr einn og hefur ekki aðrar tekjur mun njóta óskertra húsnæðisbóta.

Tekju- og eignamörk vegna sérstaks húsnæðisstuðnings eru settar fram í leiðbeiningum félags- og barnamálaráðherra. Fram til þessa hafa tekjuviðmið húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings verið þær sömu en á árinu 2020 lagði ráðherra til vegna ársins 2021, hækkun frítekjumarka vegna húsnæðisbóta. Það leiðir af sér að frítekjumörk sérstaks húsnæðisstuðnings er orðin lægri en frítekjumörk húsnæðisbóta. Lífeyrisþegi almannatrygginga sem býr einn og hefur ekki aðrar tekjur fær skerðingu á sérstökum húsnæðisstuðningi sem nemur 7.119 kr. á mánuði miðað við 1. jan 2021.

Á árinu 2021 var framfærsluviðmiði lífeyrisþega almannatrygginga hjá einstaklingi sem býr einn og er með fullar bætur hækkað úr 345.732 kr. á mánuði í 366.178 kr. Hækkunin felur í sér að tekjur af útsvari hækka um 2.850 kr. á mánuði.

Til að koma í veg fyrir skerðingu sérstaks húsnæðisstuðnings hjá þessum hópi þarf að hækka tekjuviðmið sérstaks húsnæðisstuðnings um 9,3% að lágmarki eða 5,5% umfram leiðbeiningar félagsmálaráðuneytis.

Framkvæmd var greining á sérstökum húsnæðisstuðningi miðað við greiðslur í nóvember 2020. Greining er framkvæmd á tveimur hópum A og B. Fjárhæðir í hópi B fela í sér að örykjar fá enga skerðingu hvað varðar sérstakan húsnæðisstuðning. Eftirfarandi tafla lýsir tekjumörkum í hvorum hópi fyrir sig.

Hópur A		Hópur B	
Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári
4.165.730	5.207.163	4.500.677	5.625.846
5.509.514	6.886.893	5.952.508	7.440.635
6.450.163	8.062.704	6.968.790	8.710.988
6.987.676	8.734.595	7.549.523	9.436.904

Lífeyrisþegi almannatrygginga með fullar bætur, tekjumörk sérstaks húsnæðisstuðnings 4.165.730 kr.	
Fjöldi heimilismanna	1
Fjölskyldugerð	Einhleypur
Atvinnustaða	Öryrki
Tegund húsnæðis	Félagsbústaðir
Leigufjárhæð	150.000
Heildartekjur	366.158
Ráðstöfunartekjur	300.679
Leigufjárhæð	150.000
Húsnæðisbætur	32.460
Sérstakur húsnæðisstuðningur	23.721
Ráðstöfunartekjur að frádregnum húsnæðiskostnaði	206.860

Lífeyrisþegi almannatrygginga með fullar bætur, tekjumörk sérstaks húsnæðisstuðnings 4.165.730 kr.	
Fjöldi heimilismanna	1
Fjölskyldugerð	Einhleyp
Atvinnustaða	Öryrki
Tegund húsnæðis	Almennur markaður
Leigufjárhæð	200.000
Heildartekjur	366.158
Ráðstöfunartekjur	300.679
Leigufjárhæð	200.000
Húsnæðisbætur	32.460
Sérstakur húsnæðisstuðningur	23.721
Ráðstöfunartekjur að frádregnum húsnæðiskostnaði	156.860

Lífeyrisþegi almannatrygginga með fullar bætur, tekjumörk sérstaks húsnæðisstuðnings 4.500.677 kr. (með hækkun tekjuviðmiðs)	
Fjöldi heimilismanna	1
Fjölskyldugerð	Einhleypur
Atvinnustaða	Öryrki
Tegund húsnæðis	Félagsbústaðir
Leigufjárhæð	150.000
Heildartekjur	366.158
Ráðstöfunartekjur	300.679
Leigufjárhæð	150.000
Húsnæðisbætur	32.460
Sérstakur húsnæðisstuðningur	32.460
Ráðstöfunartekjur að frádregnum húsnæðiskostnaði	215.599

Lífeyrisþegi almannatrygginga með fullar bætur, tekjumörk sérstaks húsnæðisstuðnings 4.500.677 kr. (með hækkun tekjuviðmiðs)	
Fjöldi heimilismanna	1
Fjölskyldugerð	Einhleyp
Atvinnustaða	Öryrki
Tegund húsnæðis	Almennur markaður
Leigufjárhæð	200.000
Heildartekjur	366.158
Ráðstöfunartekjur	300.679
Leigufjárhæð	200.000
Húsnæðisbætur	32.460
Sérstakur húsnæðisstuðningur	32.460
Ráðstöfunartekjur að frádregnum húsnæðiskostnaði	165.599


Í hópi A myndu 2.140 einstaklingar fá skerðingu á sérstökum húsnæðisstuðningi. Þar af myndu 1.124 einstaklingar fá skerðingu eingöngu vegna tekna og 145 vegna tekna auk annarra skilyrða í reglum. Samtals fengju 1.269 skerðingu vegna tekna.

Í hópi B myndu 1.676 einstaklingar fá skerðingu á sérsökum húsnæðisstuðningi. Þar af myndu 623 einstaklingar fá skerðingu eingöngu vegna tekna og 52 vegna tekna auk annarra skilyrða í reglum. Samtals fengju 674 skerðingu vegna tekna. Ef leið B yrði valin myndi hækkunin leiða til þess að lífeyrisþegi almannatrygginga sem býr einn og hefur ekki aðrar tekjur njóta óskerts sérstaks húsnæðisstuðnings.

Tafla 1: Ýtarleg sundurliðun skerðinga

	Hópur A	Hópur B
Skerðing vegna eigna	2	11
Skerðing vegna gólfs	45	68
Skerðing vegna leigu	253	340
Skerðing vegna leigu; Skerðing vegna eigna	3	5
Skerðing vegna tekna	1.124	623
Skerðing vegna tekna; Skerðing vegna eigna	19	9
Skerðing vegna tekna; Skerðing vegna gólfs	34	11
Skerðing vegna tekna; Skerðing vegna leigu	85	30
Skerðing vegna tekna; Skerðing vegna leigu; Skerðing vegna eigna	2	1
Skerðing vegna tekna; Skerðing vegna þaks	5	1
Skerðing vegna þaks	565	574
Skerðing vegna þaks; Skerðing vegna eigna	3	3
	2.140	1.676

Leiðbeiningar félagsmálaráðherra kveða á um að stuðull útreiknings skuli vera að lágmarki 0,9. Þann 1. júlí 2017 tóku gildi breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning. Í breytingunum fólst að stuðull til útreiknings sérstaks húsnæðisstuðnings í Reykjavík hækkaði úr 0,9 í 1,0 þ.e. fyrir hverjar 1.000 kr. af húsnæðisbótum eru greiddar að hámarki 1.000 kr. í sérstökum húsnæðisstuðningi eftir breytingar en var áður 900 kr. Þessi regla hefur þau áhrif á hóp A að skerðing tekna á bilinu 4.165.730 – 4.500.677 er minni en ella þar sem hópurinn fær fullar húsnæðisbætur að 4,5mkr.



Hæstu mögulegu samanlagðar bætur, þ.e. húsnæðisbætur og sérstaks húsnæðisstuðnings liggja á bilinu 64.920 kr. – 90.000 kr. Í töflu tvö má sjá hvernig dæmið lítur út fyrir einstaklinga sem fá enga skerðingu.

Tafla 2: Hæstu mögulegar bætur fara eftir fjölda heimilismanna og eru eftirfarandi:

Fjöldi heimilismanna	Húsnæðisbætur	Sérstakur húsnæðisst.	Samtals
1	32.460 kr.	32.460 kr.	64.920 kr.
2	42.931 kr.	42.931 kr.	85.862 kr.
3	50.261 kr.	39.739 kr.	90.000 kr.
4 eða fleiri	54.449 kr.	35.551 kr.	90.000 kr.

Samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar geta samanlagðar bætur aldrei orðið hærri en 90.000 kr. (þak) en 565 einstaklingar fengu skerðingu vegna þessa ákvæðis og er það óháð hækkun tekjuviðmiða.

Samkvæmt fjárhagsmati myndi áætlaður viðbótarkostnaður vegna hækkunar tekjumarka sérstaks húsnæðisstuðnings umfram leiðbeiningar til sveitarfélaga verða um 50 m.kr. á ári. Öryrkjar og lágtækjuhópar myndu njóta góðs af hækkuninni á tekjumörkunum.